



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 45/2021

Auglýsingar Bensínlauss ehf.

I.

Erindið

Með bréfi Bílaumboðsins Öskju ehf., dags. 9. mars 2021, barst Neytendastofu kvörtun vegna auglýsinga Bensínlauss ehf. Í erindinu kemur fram að auglýsingarnar hafi birst á samfélagsmiðlinum Facebook og sennilega víðar og lúti kvörtun Öskju að því að í auglýsingunum sé að finna rangar fullyrðingar um verð á bifreiðum sem Bensínlaus auglýsi til sölu.

Bensínlaus reki bílasölu og að minnsta kosti frá ágúst 2020 hafi félagið auglýst víða á samfélagsmiðlum, einkum á Facebook ásamt auglýsingum á vefsíðu sinni. Í nefndum auglýsingum sé m.a. að finna eftirfarandi fullyrðingar:

*„Allar gerðir bíla langt undir markaðsverði og allt að 100% fjármögnun.
Grænir bílar í öllum stærðum og gerðum langt undir markaðsverði.
Tilboð dagsins – Sparaðu milljónir.“*

Þá segi í auglýsingu félagsins frá 27. nóvember 2020, sem birt sé á Facebook síðu félagsins:

„Við létum ekki nægja að bjóða bíla milljónum undir almennu markaðsverði, við sömdum við birgja og í tilefni af Black Friday bjóðum við enn þá meiri afslátt.“

Telur Askja sennilegt að umræddar auglýsingar megi finna víðar en á nefndum stöðum og vakin sé athygli á hversu afdráttarlausar yfirlýsingarnar séu.

Meðal þeirra bifreiða sem Bensínlaus auglýsi séu bifreiðar af gerðinni Kia Sorento PHEV. Á vefsíðu félagsins segi að verð sé frá kr. 8.990.000. Sem fyrr segi gefi auglýsingar félagsins til kynna að þau verð sem félagið bjóði viðskiptavinum sínum séu langt undir markaðsverði og hægt sé að spara milljónir með því að eiga viðskipti við félagið. Askja sé umboðsaðili Kia bifreiða á Íslandi og bjóði ökutæki sömu gerðar til sölu á verði frá kr. 8.590.777, sbr. verðlista sem birtur sé á vef Öskju. Sömu sögu sé að segja af ökutækjum af gerðinni Mercedes Benz



GLZ sem Bensínlaus auglýsi en í auglýsingunni segi m.a. „*Verð frá 8.990 – Sparaðu milljónir.*“ Askja sé umboðsaðili Mercedes Benz bifreiða á Íslandi og bjóði ökutæki sömu gerðar til sölu á verði frá kr. 9.490.000, sbr. verðlista sem birtur sé á vef Öskju. Virðist því enginn fótur vera fyrir því að þau verð sem Bensínlaus bjóði séu langt undir markaðsvirði og þaðan af síður milljónum undir markaðsvirði. Þvert á móti sé ljóst að það sé algjörlega undir hælinn lagt hvort fullyrðingar í nefndum auglýsingum séu réttar.

Í bréfi Öskju er að finna reifun á ákvæðum 5. gr., 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr. og 9. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og tekið fram að Neytendastofa og áfrýjunarnefnd neytendamála hafi í ákvörðunum og úrskurðum sínum gert strangar kröfur til sönnunar þegar um sé að ræða afdráttarlausar fullyrðingar. Þær fullyrðingar sem finna megi í auglýsingum Bensínlauss séu fyrirvaralausar og án allra útskýringa. Verði að telja fullyrðingarnar afdráttarlausar og því þurfi að gera strangar kröfur til sannleiksgildi þeirra.

Fram komi í auglýsingum Bensínlauss að félagið bjóði verð sem séu langt undir markaðsvirði og geri viðskiptavinum þannig kleift að spara milljónir við kaup á ökutækjum hjá félaginu. Séu þeir viðskiptahættir þar með bæði óréttmætir og villandi. Samkvæmt 14. gr. laga nr. 57/2005 sé óheimilt að veita rangar upplýsingar í auglýsingum og séu umræddar auglýsingar Bensínlauss rangar að því leyti að félagið bjóði ekki lægsta verðið skilyrðislaust. Þá sé óhjákvæmilegt að benda á að auglýsingar Bensínlauss feli í sér óbeinan samanburð á milli félagsins og keppinauta þess en samkvæmt 15. gr. áðurnefndra laga sé óheimilt að gera villandi samanburð í auglýsingum.

Með vísan til framangreinds megi ljóst vera að Bensínlaus brjóti gegn 5. gr., 8. gr., 9. gr., 14. gr. og 15. gr. laga nr. 57/2005. Ljóst sé að brot Bensínlauss séu til þess fallin að blekkja neytendur og taka til sín viðskipti frá keppinautum félagsins og þannig óhjákvæmilega valda þeim fjártjóni. Líklegt verði að teljast að einhver fjöldi neytenda hafi þegar beint viðskiptum til Bensínlauss í þeirri trú að um sé að ræða verð sem séu langt undir markaðsverði og milljónum lægra en hjá keppinautum félagsins. Þess sé krafist að Neytendastofa grípi til aðgerða gagnvart Bensínlausum með viðeigandi fyrirmælum eða banni og leggi stjórnvaldssekt og eftir atvikum dagsektir á félagið. Við ákvörðun sektarfjárhæðar skuli hafa hugfast að fjárhagslegir hagsmunir neytenda og Öskju séu umtalsverðir. Þá sé þess óskað að kvörtunin verði tekin fyrir við fyrsta tækifæri og tryggt verði að Bensínlaus láti hið fyrsta af hinni ólögum háttsemi.

Meðfylgjandi erindi Öskju voru skjáskot af auglýsingum Bensínlauss og verðlistar fyrir Kia Sorento PHEV og Mercedes Benz GLZ bifreiðar frá Öskju.



II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Öskju var sent Bensínlausum til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 12. mars 2021. Svar Bensínlauss barst Neytendastofu með bréfi, dags. 28. apríl 2021. Í upphafi bréfsins er farið yfir umkvörtunarefni Öskju. Hvað varði auglýsingar Bensínlauss er lýtur að því að allar bifreiðar félagsins fáist með ábyrgð er bent á að félagið kappkosti við að aðstoða viðskiptavinum sína við að finna bifreiðar erlendis sem séu í verksmiðjuábyrgð. Þegar bifreið sé ekki í verksmiðjuábyrgð fáist bílaábyrgð TM sem sé hönnuð til að bæta framleiðslugalla á nýjum og notuðum bifreiðum sem ekki séu í ábyrgð framleiðanda. Það sé tekið fram að Kia gefi sig út fyrir að bjóða sjö ára verksmiðjuábyrgð í öllum löndum Evrópusambandsins auk Noregs, Sviss, Íslands og Gíbraltar. Mercedes Benz bjóði upp á tveggja ára ábyrgð á nýjum ökutækjum um alla Evrópu. Ekki verði því séð að ofangreind fullyrðing brjóti gegn ákvæðum laga nr. 57/2005.

Vegna fullyrðingar um að Bensínlaus bjóði græna bíla í öllum stærðum og gerðum langt undir markaðsverði fullyrði félagið að það geti sannarlega útvegað raf- og tengiltvinnbíla í öllum stærðarflokkum langt undir almennu markaðsverði. Með orðalaginu „*allar stærðir og gerðir*“ sé einungis verið að tilgreina að úrvalið sé mjög fjölbreytt og það sé þekkt orðalag í auglýsingum. Með orðalaginu „*langt undir markaðsverði*“ sé verið að vísa til markaðar fyrir bifreiðar í heild sinni, en félagið vinni bæði með markaði í Norður Ameríku og Evrópu. Bensínlaus hafi ekki á nokkurn hátt borið sig saman við Öskju eða önnur bílaumboð á Íslandi heldur sé um að ræða tilvísun til markaðsverðs almennt á markaðssvæði félagsins. Ekki verði séð að framangreind fullyrðing brjóti gegn ákvæðum laga nr. 57/2005.

Þá kemur fram í bréfi Bensínlauss að félagið hafi náð góðum samningum við birgja í tilefni af Black Friday og því getað boðið enn meiri afslátt. Viðskiptavinir félagsins hafi haft tækifæri til þess að spara sér milljónir, sama hvort það sé með innflutningi á bílum eða lækkuðum rekstrarkostnaði. Félagið kappkosti við að leita að tilboðum á bílum allan ársins hring sem séu milljónum undir almennu markaðsverði. Þá bjóðist oft enn betri kjör á svokölluðum Black Friday/Cyber Monday dögum en almennt tíðkist.

Engin tilvísun sé í verð eða samanburð við verð annarra bifreiðaumboða hér á landi heldur sé verið að vísa til markaðsverðs almennt á viðskiptasvæði félagsins og þá til þess að félagið geti boðið töluvert betri kjör en almennt tíðkist.

Fram komi í stofnskrá Bensínlauss að tilgangur félagsins sé að stuðla að aukinni rafbílavæðingu á Íslandi með því að veita viðskiptavinum aðstoð við kaup á bifreiðum erlendis frá. Aðalstarfsemi félagsins sé því kaupþjónusta á bifreiðum erlendis frá. Þegar tilgreint sé markaðsverð sé átt við markaðsverð á þeim mörkuðum sem félagið vinni á sem séu Norður Ameríka og Evrópa. Ekki sé verið að vísa sérstaklega til markaðsverðs á Íslandi hjá einstökum íslenskum bifreiðaumboðum. Bensínlaus vilji þó taka fram að þeir Kia Sorento bílar sem félagið



hafi auglýst séu sambærilegir topp týpunni hjá Öskju (GT Line), ef ekki betur útbúnir, sem kosti kr. 9.990.777 samkvæmt verðlista Öskju. Bílarnir séu 2021 árgerð, komi óeknir og með verksmiðjuábyrgð þar sem þeir komi frá Evrópu. Hjón geti því keypt sér sitthvorn bílinn og þannig hæglega sparað sér milljónir. Sömu sögu megi segja um Mercedes Benz GLC bílana, en grunnverð bílanna sé kr. 9.490.000 hjá Öskju á meðan bílarnir sem buðust viðskiptavinum Bensínlauss hafi verið á rétt tæpar kr. 8.990.000 og hafi líklega verið betur útbúnir en Progressive útgáfan hjá Öskju en listaverð á þeim bílum sé kr. 10.550.000.

Félagið hafi það fyrst og fremst að leiðarljósi að efla rafbílavæðingu á Íslandi og hafi kynnt og boðið neytendum umhverfisvænar bifreiðar sem fluttar séu til landsins í samvinnu við birgja erlendis og leggi mikla vinnu í að finna góð verð sem neytendur njóti góðs af. Ítrekað sé að á engan hátt sé verið að bera félagið saman við Öskju eða önnur bifreiðaumboð. Ekki sé verið að bera saman verðlista á samskonar bílum félagsins og Öskju heldur verðlista félagsins og almenns markaðsverðs á þeim mörkuðum sem félagið versli bifreiðar fyrir viðskiptavinum sína.

Að framangreindu virtu telji Bensínlaus sig ekki vera að brjóta í bága við ofangreind lagaákvæði að því er varðar óréttmæta eða villandi viðskiptahætti. Þegar af þeirri ástæðu þyki ekki ástæða til að fjalla sérstaklega um að beita félagið refsikenndum viðurlögum. Að lokum vilji félagið nefna að það sé tilbúið að mæta á fund hjá Neytendastofu til að fara betur yfir málið og leggja fram frekari gögn sé þess óskað.

2.

Bréf Bensínlauss var sent Öskju til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 29. apríl 2021. Svar barst Neytendastofu með bréfi, dags. 28. maí 2021. Í bréfinu segir að í auglýsingum Bensínlauss sé því lýst yfir að allir bílar fáist með ábyrgð. Samkvæmt söluskilmálum á vefsíðu Bensínlauss þá komi félagið fram sem umboðsmaður kaupanda og veiti því sjálft enga ábyrgð á þeim ökutækjum sem seld séu fyrir milligöngu félagsins. Um ábyrgð á ökutækjum segi enn frekar að um hana fari eftir skilmálum hvers og eins framleiðanda í samræmi við verksmiðjuábyrgð. Loks komi þar fram að þegar verksmiðjuábyrgð sé ekki fyrir hendi þá bjóði Tryggingamiðstöðin upp á tryggingu sem nefnd sé Bílaábyrgð sem bæti viðgerðarkostnað sem rekja megi til galla á framleiðslu og við samsetningu bíla. Með öðrum orðum sé gengið út frá því í söluskilmálum félagsins, þvert á það sem fullyrt sé í auglýsingum þess, að ekki séu allir bílar seldir með ábyrgð. Taka skuli fram að trygging sem kaupandi ökutækis greiðir sérstaklega fyrir hjá tryggingafélagi verði á engan hátt jafnað til ábyrgðar sem seljandi eða framleiðandi ökutækis hefur tekist á hendur á grundvelli samningsskilmála eða laga. Slíkar tryggingar feli að jafnaði í sér lakari réttarstöðu fyrir neytendur en ábyrgð sem leiðir af lögum eða samningi. Sem dæmi megi nefna að samkvæmt skilmálum Bílaábyrgðar Tryggingamiðstöðvarinnar þá bæti tryggingin ekki tjón á rafhlöðum rafmagnsbíla nema keypt sé viðbótartrygging en jafnframt sé það skilyrði útgáfu váttryggingar að ökutækið sé yngra en eins árs. Veki þessir skilmálara sérstaklega athygli í ljósi þess að Bensínlaus sérhæfi sig í sölu ökutækja sem eru að minnsta kosti að hluta til knúin af rafhlöðum. Loks leiði af skilmálum Bílaábyrgðar Tryggingamiðstöðvarinnar að ekki sé hægt að tryggja bíla sem eru eldri en tveggja ára.



Að framangreindu virtu sé það áréttað að orðalagið „*Allir bílar Bensínlaus fást með ábyrgð*“ í auglýsingum félagsins sé villandi og beinlínis rangt. Með vísan til bréfs Bensínlauss til Neytendastofu skuli tekið fram að þrátt fyrir að Kia bjóði sjö ára verksmiðjuábyrgð á seldum ökutækjum í öllum löndum Evrópusambandsins þá gildi sú ábyrgð ekki um ökutæki sem seld eru í Norður Ameríku og flutt til Íslands.

Afar erfitt sé að henda reiður á hvað nákvæmlega sé átt við í bréfi Bensínlauss er viðkemur fullyrðingum félagsins um bíla langt undir markaðsverði. Það veki þó sérstaklega athygli að þrátt fyrir ærið tilefni til að sýna fram á að félagið sannanlega bjóði ökutæki til sölu til neytenda á Íslandi sem séu langt undir markaðsverði þá setji félagið þess í stað fram staðhæfingar um markaðssvæði félagsins sem séu með öllu haldlausar. Ef Bensínlaus sé í reynd að vísa til þess að kaupverð ökutækja erlendis sé langt undir markaðsvirði í viðkomandi landi þá sé fullyrðingin um markaðsverð afar villandi gagnvart íslenskum neytendum. Fullyrðing Bensínlauss um ökutæki langt undir markaðsverði gefi íslenskum neytendum til kynna að endanlegt verð ökutækis þegar það hefur verið afhent kaupanda til afnota sé langt undir markaðsverði sambærilegra ökutækja. Endanlegt kostnaðarverð innflutts ökutækis, þegar það er afhent kaupanda til afnota á Íslandi, sé það verð sem gengið verði út frá að neytendur leggi til grundvallar ákvörðun þegar val standi á milli þess að kaupa ökutæki af innlendum söluaðila eða flytja inn ökutæki.

Hugtakið markaður hafi verið skilgreint sem sölusvæði vöru og/eða þjónustu, sbr. 5. tl. 4. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Fyrir liggir að Bensínlaus sé skráð og með starfsemi á Íslandi, allar auglýsingar, skilmálar og aðrar upplýsingar á vefsvæði félagsins séu á íslensku, verð séu gefin upp í íslenskum krónum, söluskilmálar vísi til innflutnings til Íslands og afhending ökutækja á Íslandi og svo mætti lengi telja. Enginn vafi leiki þannig á að markaðssvæði það sem Bensínlaus starfi á sé Ísland og að auglýsingum félagsins sé beint að íslenskum neytendum.

Ekki sé hægt að líta á fullyrðingu Bensínlauss „*Grænir bílar í öllum stærðum og gerðum langt undir markaðsverði*“ öðruvísi en svo að þau verð á ökutækjum sem félagið auglýsi séu langt undir markaðsverði á Íslandi. Að framangreindu virtu beri að meta réttmæti fullyrðinga Bensínlauss út frá markaðsverði á íslenskum markaði og því sé staðhæfing þeirra fjarri sanni enda hafi félagið engan reka gert að því að sýna fram á réttmæti fullyrðingarinnar.

Samkvæmt auglýsingum og svarbréfi Bensínlauss veiti félagið þjónustu sem geri viðskiptavinum þess kleift að spara milljónir. Þar komi jafnframt fram að „*hjón geti keypt sér sitthvorn bílinn og þannig hæglega sparað sér milljónir.*“ Fullyrðingin „*Tilboð dagsins – sparaðu milljónir*“ sé til þess fallin að vekja þau hughrif hjá neytendum að með kaupum á ökutæki af Bensínlausum þá greiði hann fyrir verð, sem sé milljónum lægra en verð ökutækis af sambærilegri gerð hjá samkeppnisaðila félagsins. Útskýring félagsins, þ.e. að vísa til þess að viðskiptavinur félagsins geti sparað milljónir með lækkuðum rekstrarkostnaði, sé haldlaus enda sé fullyrðingin sett fram með vísan til tilboðsverðs á ökutækjum. Þá séu útskýringar Bensínlauss



um að hjón geti sparað milljónir með magnkaupum á ökutækjum hjá félaginu ekki marktækar enda megí sem fyrr segir ætla út frá fullyrðingum félagsins að söluverð eins ökutækis sé milljónum lægra en verð samkeppnisaðila.

Framangreindar fullyrðingar Bensínlauss eigi því ekki við rök að styðjast í ljósi þess að félagið bjóði ekki verð sem séu langt undir markaðsverði á íslenskum markaði, hvað þá verð sem sé milljónum lægra en verð á sambærilegum ökutækjum. Umræddar fullyrðingar séu til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti sem viðkomandi hefði ella ekki átt og hafi þar með áhrif á fjárhagslega hegðun neytenda.

Í svarbréfi Bensínlauss sé gerður samanburður á verði ýmissa ökutækja sem Askja bjóði til sölu við verð hjá Bensínlaus. Slíkur samanburður sé í reynd ótækur þar sem útbúnaðarlýsingar þeirra ökutækja sem Bensínlaus selji liggja ekki fyrir. Fullyrðingar Bensínlauss séu í besta falli settar fram til að villa um fyrir neytendum sem geti ekki framkvæmt raunhæfan samanburð. Framangreint sé ekki til þess fallið að auka og vernda velferð neytenda.

Í svarbréfi Bensínlauss sé einnig látið að því liggja að ökutæki af gerðinni Kia Sorento, sem félagið hafi auglýst til sölu, séu sambærileg topp týpunni hjá Öskju (GT Line) og séu jafnvel betur útbúin. Rétt þyki að áætla að sú útfærsla fái ekki betur útbúin frá verksmiðju og þ.a.l. útilokað að Bensínlaus bjóði ökutæki sem séu betur útbúin en dýrasta útfærsla ökutækisins hjá Öskju.

Að framangreindu virtu séu þau sjónarmið og röksemdir sem ítarlega hafi verið gert grein fyrir í upphaflegri kvörtun Öskju áréttuð. Askja telji ljóst að umræddar auglýsingar Bensínlauss brjóti gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 og séu til þess fallnar að blekkja neytendur og taka til sín viðskipti frá keppinautum félagsins og þannig óhjákvæmilega valda keppinautum sem og viðskiptavinum Bensínlauss fjártjóni.

3.

Bréf Öskju var sent Bensínlausum til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 2. júní 2021. Svar barst Neytendastofu með tölvupósti, móttæknum 17. júlí 2021. Með tölvupóstinum fylgdi útdráttur úr því sem virðist kaupsamningur og ábyrgðarskilmáli.

4.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 17. ágúst 2021, var aðilum málsins tilkynnt um lok gagnaöflunar og að málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.



III.

Niðurstaða

1.

Mál þetta lýtur að kvörtun Bílaumboðsins Öskju ehf. yfir auglýsingum Bensínlauss ehf., þar sem fullyrt er að Bensínlaus bjóði bifreiðar til sölu langt undir markaðsverði, allar bifreiðar félagsins fáist með ábyrgð og að auglýsingu með yfirskriftinni „*Tilboð dagsins – Sparaðu milljónir*“. Askja telur að auglýsingar Bensínlauss brjóti gegn ákvæðum 5. gr., 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., 9. gr., 14. gr. og 15. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Auglýsingarnar séu til þess fallnar að blekkja neytendur og taka til sín viðskipti frá keppinautum félagsins og þannig óhjákvæmilega valda keppinautum sem og viðskiptavinum Bensínlauss fjártjóni.

Í svörum Bensínlauss kemur fram að félagið kappkosti við að finna bíla erlendis frá sem séu í verksmiðjuábyrgð og sé hún ekki fyrir hendi fáist bílaábyrgð frá Tryggingamiðstöðinni sem sé hönnuð til að bæta framleiðslugalla á nýjum og notuðum bifreiðum sem ekki séu í ábyrgð framleiðanda. Með því að vísa til þess að félagið bjóði bifreiðar langt undir markaðsverði sé verið að vísa til markaðar fyrir bifreiðar í heild sinni og félagið hafi ekki á nokkurn hátt borið sig saman við Öskju eða önnur bílaumboð á Íslandi. Þá vill félagið meina að bifreiðar þær sem það bjóði til sölu og auglýstar hafi verið með vísan í sparnað upp á milljónir séu sambærilegar topp týpum bifreiða Öskju og séu jafnvel betur útbúnar en þær og þannig geti hjón t.d. sparað sér milljónir með kaupum á sitthvorri bifreiðinni.

2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Lögin fela fyrst og fremst í sér vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda en einnig vernd fyrirtækja gegn óréttmætum viðskiptaháttum keppinauta vegna auglýsinga eða annarra svipaðra viðskiptaaðferða. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað telst til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 4. mgr. 6. gr. segir:

„Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti þarf fyrirtæki að geta fært sönnur á.“

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“



Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2008, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við og er d. liður svohljóðandi:

„d. verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértílbod eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum“.

Í 2. mgr. 9. gr. laganna er enn fremur kveðið á um að viðskiptahættir séu villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja má að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim er leynt og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytanda um að eiga viðskipti. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að hafa megi þau atriði til hliðsjónar sem tilgreind eru í 1. mgr. 9. gr. laganna.

Í V. kafla laga nr. 57/2005 er fjallað um háttsemi milli fyrirtækja. Þar segir í 14. gr.:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“

Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum mega því ekki veita misvísandi, rangar eða villandi upplýsingar gagnvart keppinautum auglýsinga eða stöðu auglýsanda, vöru eða þjónustu hans, gagnvart keppinautum.

Í 15. gr. laganna er fjallað um að samanburðarauglýsingar séu allar þær auglýsingar þar sem beint eða óbeint er vísað til keppinauta eða vöru eða þjónustu sem keppinautur býður. Hugtakið samanburðarauglýsing er skilgreint rúmt svo allar tegundir samanburðar heyra þar undir. Í umfjöllun um ákvæðið segir t.d. að allar auglýsingar þar sem auglýsandi fullyrðir að vara hans eða þjónusta sé best, ódýrust, sterkust o.s.frv. feli í sér óbeinan samanburð og falli því undir ákvæði laganna. Samanburðarauglýsingar eru leyfðar að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru í a.-h. liðum 2. mgr. 15. gr. Neytendastofa telur að ákvæði a. liðar komi til skoðunar



í málinu. Samkvæmt framangreindu ákvæði eru samanburðarauglýsingar leyfðar að uppfylltum þeim skilyrðum að þær séu ekki villandi.

3.

Í máli þessu hefur verið kvartað yfir fullyrðingum Bensínlauss sem fram koma í auglýsingum félagsins. Líkt og að framan greinir þá er lögð skýr skylda á fyrirtæki að geta sannað allar þær fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum og geta ósannaðar fullyrðingar verið til þess fallnar að teljast villandi gagnvart neytendum.

Í fyrsta lagi er um að ræða fullyrðingar er snúa að bifreiðum sem auglýstar eru til sölu langt undir markaðsverði, nánar tiltekið fullyrðingarnar „*Við létum ekki nægja að bjóða bíla milljónum undir almennu markaðsverði, við sömdum við birgja og í tilefni af Black Friday bjóðum við enn þá meiri afslátt*“, „*Allar gerðir bíla langt undir markaðsverði og allt að 100% fjármögnun*“ og „*Grænir bílar í öllum stærðum og gerðum langt undir markaðsverði*“ en þar er deilt um hvort bifreiðar sem auglýstar eru til sölu hjá Bensínlausum séu raunverulega langt undir markaðsverði. Bensínlaus hefur ekki lagt fram nein gögn sem stutt geta framangreinda fullyrðingu heldur vísað með almennum hætti til þess að með fullyrðingunni sé verið að vísa til markaðsverðs bifreiða á óskilgreindum markaði fyrir bifreiðar í heild sinni og félagið hafi ekki á nokkurn hátt borið sig saman við aðra söluaðila bifreiða á Íslandi. Neytendastofa getur ekki fallist á framangreindan málartilbúnað Bensínlauss enda er ljóst að auglýsingum félagsins er beint að íslenskum neytendum, vegna viðskipta sem fram fara á Íslandi eða vegna kaupa á bifreiðum erlendis sem ætlaðar eru til innflutnings til Íslands. Það er jafnframt álit Neytendastofu að neytendur leggi þann skilning í fullyrðingar félagsins að þeir njóti verulegs verðhagræðis af því að eiga viðskipti við Bensínlausan og fullyrðingar félagsins séu því til þess fallnar að hafa áhrif á fjárhagslega hegðun þeirra.

Í öðru lagi er um ræða fullyrðinguna „*Tilboð dagsins – Sparnaðu milljónir*“. Á það hefur verið bent af hálfu Öskju, m.a. með framlögðum gögnum, að verðmunur á auglýstum bifreiðum Bensínlauss og bifreiðum af sömu gerð sem eru til sölu hjá Öskju sé langtum lægri en fullyrðingin gefur til kynna og í raun bjóði Askja til sölu eina gerð bifreiðar sem sé tæplega hálfri milljón ódýrari en auglýstar bifreiðar hjá Bensínlausum. Í svörum Bensínlauss hefur komið fram að þær bifreiðar sem auglýstar hafa verið séu með sama útbúnað og dýrustu gerðir bifreiða Öskju og séu jafnvel betur útbúnar en þær bifreiðar. Bensínlaus hefur aftur á móti ekki lagt fram nein gögn máli sínu til stuðnings og það þrátt fyrir að Askja hafi bent á að ekki sé framleidd betur útbúin bifreið, af þeirri gerð sem samanburður á við, en sú dýrasta sem Askja selji. Óháð því og sé tekið mið af verði dýrustu gerðar bifreiðar sem er til sölu hjá Öskju að þá er verðmunurinn rétt yfir ein milljón. Til stuðnings fullyrðingu sinni hefur Bensínlaus þá vísað til þess að ef hjón taka sig saman og kaupa tvær bifreiðar kunni samanlagður sparnaður að nema milljónum. Það er álit Neytendastofu að slíkur samanburður sé ótækur enda ekki hægt að bera fyrir sig að sá sparnaður sem fullyrt er um í auglýsingu eigi einvörðungu við þegar margir aðilar taka sig saman og kaupa mörg eintök af hinni auglýstu vöru.



Telur Neytendastofa með hliðsjón af framangreindu að umræddar fullyrðingar Bensínlauss séu ósannaðar og villandi og brjóti því gegn 4. mgr. 6. gr., 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. og a. lið 2. mgr. 15. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005.

Í auglýsingum Bensínlauss er enn fremur að finna fullyrðingu um að „*Allir bílar Bensínlaus fást með ábyrgð*“. Af gögnum málsins er ljóst að allar bifreiðar sem Bensínlaus selur eða hefur milligöngu um sölu fást ekki með ábyrgð í merkingu þess orðs sem á við um ábyrgð bifreiða. Þrátt fyrir að neytendum standi til boða að kaupa viðbótartryggingu hjá tryggingafélagi sem að einhverju leyti tekur til framleiðslugalla á nýjum og notuðum bifreiðum er með engu móti hægt að jafna slíkri viðbótartryggingu við verksmiðju- eða framleiðsluábyrgð bifreiða enda skilmálar slíkra trygginga verulega frábrugðnar þeim skilmálum er eiga við um ábyrgðir auk þess sem neytendur þurfa að greiða iðgjald fyrir slíkar tryggingar séu þær keyptar.

Neytendastofa telur því ótvírætt orðalag Bensínlauss um að „*Allir bílar Bensínlaus fást með ábyrgð*“ sem birtist í auglýsingum félagsins villandi og þar með brjóta gegn 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Bensínlaus ehf. hefur með fullyrðingunum: „*Allar gerðir bíla langt undir markaðsverði og allt að 100% fjármögnun*“, „*Grænir bílar í öllum stærðum og gerðum langt undir markaðsverði*“ og „*Við létum ekki nægja að bjóða bíla milljónum undir almennu markaðsverði, við sömdum við birgja og í tilefni af Black Friday bjóðum við enn þá meiri afslátt*“ brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr., 14. gr. og a. liðar 2. mgr. 15. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Bensínlaus ehf. hefur með fullyrðingunni „*Tilboð dagsins – Sparaðu milljónir*“ brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr., 14. gr. og a. liðar 2. mgr. 15. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Bensínlaus ehf. hefur með fullyrðingunni: „*Allir bílar Bensínlaus fást með ábyrgð*“ brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Bensínlausum ehf. bannað að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti.



Bannið tekur gildi við móttöku ákvörðunar þessarar. Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“

Neytendastofa, 21. október 2021

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir